



Skattaspor Vinnslustöðvarinnar hf.

September 2016

Frekari upplýsingar í tengslum við þessa skýrslu veita:

Alexander G. Eðvardsson
Partner

Sími: 545 6209
aedvardsson@kpmg.is

Krístur Ingólfssdóttir
Partner

Sími: 545 6035
kingolfsdottir@kpmg.is

Anna María Ingvarsdóttir
Senior Manager

Sími: 545 6231
aingvarsdottir@kpmg.is

Í heimi aukinna væntinga

Skattlagning og skattgreiðslur eru mikilvægir þættir í umræðu um fyrirtæki, ríki, fjölmiðla og aðra hagsmunaaðila.

Aukið gegnsæi um skattgreiðslur til ríkis og sveitarfélaga er eitt af þeim atriðum sem fjárfestar líta til við mat á fjárfestingakostum.

Í samkeppnisumhverfi veitir það ákveðið forskot að birta viðbótarupplýsingar um skattalega stöðu fyrirtækis.

Skattgreiðslur eru mikilvægur þáttur í framlagi fyrirtækja til samfélagsins og þeirri félagslegu uppbyggingu sem þar á sér stað.

Samskipti

Árangur í viðskiptum byggir ekki eingöngu á því sem gert er, heldur einnig á því sem sagt er og hvernig samskipti eru við hagsmunaaðila.

Miðlun upplýsinga um skattamál þarf ávallt að vera vönduð og skýr til að fyrirbyggja mögulega mistúlkun.

Skattaspor

Skattaspor fyrirtækis innifelur allar greiðslur sem viðkomandi fyrirtæki greiðir til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða auk skatta sem innheimtir eru fyrir hönd yfirvalda og skilað til þeirra.

Í skýrslu þessari eru veittar upplýsingar um skattgreiðslur Vinnslustöðvarinnar árið 2015 sundurliðað á þær tegundir skatta og gjalda sem fyrirtækið stóð skil á.

Markmið með birtingu upplýsinga um skattaspor fyrirtækisins er að sýna hvað rekstur þess á árinu 2015 skilaði til samfélagsins í formi skatta og gjalda.



Fjárhagslegt verðmæti

Er jafnt heildartekjum fyrirtækis og innifelur rekstrartekjur, fjármunatekjur og sóluhagnað eigna. Er sett fram sundurliðað eftir ráðstöfun þess.

Skattaspor fyrirtækis

Innifelur skatta og gjöld sem greidd eru til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða (gjaldfærðir skattar), auk skatta sem innheimtir eru og staðið skil á til yfirvalda.

Gjaldfærðir skattar

Skattar og gjöld sem teljast kostnaður fyrirtækis og hafa áhrif á afkomu þess. Lögboðin gjöld á launagreiðslur til starfsmanna s.s. tryggingagjald og móttframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóði falla einnig hér undir.

Innheimtir skattar

Innheimtir skattar teljast ekki gjöld fyrirtækis en eiga sér uppruna í starfsemi þess og hafa áhrif vegna þeirrar umsýslu sem þeim tilheyir.

Skattar á tekjur

Skattar lagðir á veltu og/eða hagnað. Fyrst og fremst er um að ræða tekjuskatt.

Skattar vegna nýtingar auðlinda.

Veiðileyfagjald sem er lagt á aflamark, aðrar úthlutaðar aflaheimildir eða landaðan afla.

Fasteignaskattar

Skattar vegna kaupa, sölu, eignarhalds eða notkunar á varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum.

Starfsmannaskattar

Skattar og gjöld sem tengjast starfsmönnum fyrirtækis og skuldbindingum vegna þeirra.

Vöru-, viðskipta- og framleiðsluskattar

Skattar og gjöld lögð á og innheimt af fyrirtæki vegna sölu á vörum og þjónustu til viðskiptavina. Hafnargjöld vegna löndunar afla hjá útgerðarfyrirtækjum falla einnig hér undir.

Grænir skattar

Skattar lagðir á vegna umhverfissjónarmiða sem hafa það að markmiði að mynda hvata til að draga úr losun skaðlegra efna eða skattar á vörur sem eru skaðlegar umhverfinu.

Afdráttarskattar

Skattar á tekjur lagðar á við uppruna. Afdráttarskattar finnast í flestum skattkerfum og eru lagðir á arð, vexti, þóknunir og sambærilegar tekjur.

Virðisaukaskattur

Er lagður á söluverð vöru og þjónustu sem útskattur og greiddur af aðföngum og aðkeyptri þjónustu og telst innskattur. Mismuni útskatts og innskatts er skilað í ríkissjóð eða fæst endurgreiddur. Virðisaukaskattur telst ekki til skattspors nema þegar selt er til endanlegs neytanda og ef um er að ræða innskatt sem ekki er heimilt að nýta og telst til rekstrarkostnaðar fyrirtækis.

Grunnurinn að greiningunni

Inngangur

Vinnlustöðin hf. í Vestmannaeyjum er meðal öflugustu sjávarútvegsvirðækja landsins, með fjölbreyttan rekstur í útgerð og fiskvinnslu.

Fyrirtækið er stærsti vinnuveitandinn í Vestmannaeyjum með um 250 fastráðna starfsmenn og að auki fjölda fólks í tímabundnum verkefnum eða störfum.

Vinnlustöðin gerir út sjö skip til uppsjávar-, tog- og netaveiða.

Vinnlustöðin starfrækir saltfiskverkun, humarvinnslu, bolfiskvinnslu og uppsjávarvinnslu. Fyrirtækið á og rekur fiskimjölsverksmiðju og frystigeymslu. Vinnlustöðin annast sjálf markaðs- og sölumál vegna afurða sinna.

Forsendur

Skýrsla þessi er unnin af KPMG fyrir stjórnendur Vinnlustöðvarinnar hf. KPMG aflaði upplýsinga um skattaspor Vinnlustöðvarinnar með því að senda spurningarlista til stjórnenda fyrirtækisins. KPMG hefur reitt sig á nákvæmni þeirra upplýsinga en hefur hvorki endurskoðað né sannreynt þær.



Umfang skýrslunnar

Fjárhagsupplýsingar í skýrslu þessari taka til allra félaga innan samstæðu Vinnlustöðvarinnar hf. sem starfa á Íslandi en innifelur ekki starfsemi hennar erlendis. Upplýsingar um skattaspor samstæðunnar ná því aðeins til skatta og gjalda sem greidd eru á Íslandi.

Vinnlustöðin færir bókhald sitt í evrum en í þessari skýrslu eru fjárhæðir umreiknaðar í krónur á meðalgengi ársins.

Allar fjárhæðir eru settar fram í milljónum króna (m.kr.) nema annað sé tekið fram.

Í textanum hér á eftir er jöfnum höndum fjallað um „Vinnlustöðina hf.“ og „fyrirtækið“.



Fjárhagslegt verðmæti Vinnslustöðvarinnar

Fjárhagslegt verðmæti

Vinnslustöðin skilar verðmætum til samfélagsins með ýmsum hætti.

Fjárhagslegt verðmæti (verðmætasköpun) fyrirtækisins á árinu 2015 nam 12.888 m.kr., sem samanstendur af rekstrartekjum, afkomu af umboðssölu, fjármunatekjum og söluhagnaði. Í raun er um að ræða þau verðmæti sem félagið skapaði með rekstri sínum á árinu 2015.

Samkvæmt ársreikningi félagsins sem gerður er í evrum jókst nettó veltan um 11,7% á milli ára en vegna styrkingar krónunnar er hækkunin minni þegar fjárhagslegt verðmæti er umreiknað yfir í krónur á meðalgengi hvors árs eða um 7,7%.

Framlag fyrirtækisins til viðskiptaumhverfisins samanstendur af þáttum eins og launum og launatengdum gjöldum, aðkeyptri þjónustu, vörukaupum o.fl.

Hjá fyrirtækinu störfuðu að jafnaði um 361 starfsmenn á árinu þegar miðað er við heilsársstörf og námu launagreiðslur án launatengdra gjalda 3.532 m.kr. á árinu 2015. Beinar launagreiðslur námu því 27,4% af fjárhagslegri verðmætasköpun fyrirtækisins.

Heildargjaldfærsla skatta og annarra gjalda til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða vegna starfseminnar á árinu 2015 nam 1.768 m.kr. sem nemur 13,7% af fjárhagslegri verðmætasköpun fyrirtækisins.

Hér að neðan er myndræn framsetning á því hvernig fjárhagslegt verðmæti fyrirtækisins á árinu 2015 skiptist á helstu liði.

5,6%
Fjármögnunaraðilar
724 m.kr.

Fjárhagslegt verðmæti
árið 2015 = 12.888 m.kr.



Hvað felst í skattaspori fyrirtækisins

Skattaspor Vinnslustöðvarinnar hf.

Verðmætasköpun sem verður í starfsemi fyrirtækisins hefur þau áhrif að það stendur skil á margvíslegum sköttum og gjöldum til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða.

Skattaspor Vinnslustöðvarinnar samanstendur því bæði af sköttum sem eru gjaldfærðir í rekstri fyrirtækisins og þeim sköttum sem það innheimtir og stendur skil á. Skattasporið vísar því til þeirra skatta og gjalda sem myndast vegna þeirra verðmætasköpunar sem rekstur fyrirtækisins skilar.

Á árinu 2015 nam skattaspor Vinnslustöðvarinnar samtals 3.147 m.kr. og skiptist þannig að gjaldfærðir skattar námu 1.768 m.kr. og innheimtir skattar námu 1.379 m.kr. Á árinu 2014 nam skattasporið 2.872 m.kr. þar sem gjaldfærðir skattar námu 1.613 m.kr. og innheimtir skattar námu 1.259 m.kr. Með auknum umsvifum á árinu 2015 hefur skattasporið því aukist um 275 m.kr. eða um 9,6% frá fyrra ári. Hlutfallslega er aukning gjaldfærðra skatta jöfn aukningu innheimtra skatta. Gerð er nánari grein fyrir skattgreiðslum þessum í umfjöllun hér á eftir.

Félagið greiddi að auki virðisaukaskatt að fjárhæð 922 m.kr. vegna kaupa á aðföngum og þjónustu sem myndaði rétt til endurgreiðslu. Tekjur fyrirtækisins eru bæði vegna sölu innanlands og útflutnings afurða. Útskattur er ekki lagður á útflutningstekjur en er lagður á sölu innanlands og nam hann 223 m.kr. Mismunur útskatts og innskatts nam 699 m.kr. sem félagið fékk endurgreiddan. Þar sem virðisaukaskattur sem tengist rekstri fyrirtækisins er annað hvort útskattur hjá seljendum vöru og þjónustu eða frádráttarbær innskattur hjá kaupendum afurða telst sá virðisaukaskattur ekki til skattasporis þess.

Einu áhrif virðisaukaskatts sem ber að innifela í skattaspori fyrirtækis er sá innskattur sem greiddur er og fæst ekki endurgreiddur og/eða útskattur af sölu til endanlegra neytenda.




Upplýsingar um skattaspor fyrirtækisins

Lykilatriði úr greiningunni

Helstu niðurstöður um skattaspor fyrirtækisins eru þessi:

- Verðmætasköpun af rekstri fyrirtækisins á árinu 2015 nam 12.888 m.kr. sem ráðstafað var til samfélagsins með margvíslegum hætti s.s. með launagreiðslum til starfsmanna og greiðslum á launatengdum gjöldum, kaupum á aðföngum frá birgjum, greiðslu veiðigjalda og annarra opinberra gjalda o.s.frv.
- Skattbyrði fyrirtækisins vegna ársins 2015 nam 1.768 m.kr. eða 13,7% af verðmætasköpun þess. Rúmlega fjórðungur þeirrar skattbyrði er vegna veiðigjalda.
- Til viðbótar við skatta sem gjaldfærðir voru hjá fyrirtækinu, innheimti það og stóð skil á sköttum og gjöldum sem ekki eru gjöld þess en tengjast rekstrinum og þeim verðmætum sem hann skilar með beinum hætti. Slíkir innheimtir skattar námu 1.379 m.kr. á árinu 2015.
- Skattaspor Vinnslustöðvarinnar nam því samtals 3.147 m.kr. á árinu 2015. Í yfirlitinu hér til hliðar er nákvæm sundurliðun á þeim sköttum og gjöldum sem mynda skattaspor fyrirtækisins.
- Skattaspor félagsins jókst um 9,6% frá fyrra ári og var hlutfallið það sama fyrir bæði gjaldfærða og innheimta skatta. Einstakir liðir meðal gjaldfærðra og innheimtra skatta breyttust hinsvegar í öðrum hlutföllum. Meðal gjaldfærðra skatta hækkuðu afla- og hafnargjöld hlutfallslega mest eða um 25,6% á meðan veiðileyfagjald lækkaði um 4,8%. Samanlögð áhrif þessa tveggja liða voru hækkun um 0,5% á milli ára. Þá hækkaði tekjuskattur og kolefnagjald hvort um 14,6%. Innheimtir skattar á laun hækkuðu um 14,8%. Innheimtur fjármagnstekjuskattur er 12,1% lægri en á fyrra ári þrátt fyrir óbreytta arðsgreiðslu einkum vegna veikingu evru á milli ára en félagið færir bókhald í evru auk þess sem fleiri fjárfestar eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti á árinu 2015 samanborið við 2014 (einkum lífeyrissjóðir og fjármálastofnanir).



Skattaspor Vinnslustöðvarinnar

Skattaspor

Skattaspor fyrirtækisins nam samtals 3.147 m.kr. á árinu 2015 og greinist í gjaldfærða skatta og innheimta skatta.

Gjaldfærðir skattar


Gjaldfærðir skattar í rekstrarreikningi námu samtals 1.768 m.kr. Af þeim voru 1.301 m.kr. greiddar í ríkissjóð, 305 m.kr. til lífeyrissjóða og 162 m.kr. til sveitarfélaga í formi fasteignagjalda og hafnargjalda.

Innheimtir skattar


Innheimtir skattar voru samtals 1.379 m.kr. Skattar þessir skiptast þannig að greiðslur vegna launþega námu 1.165 m.kr. Að auki var staðið skil á afdráttarskatti af arðgreiðslum að fjárhæð 214 m.kr.

Samtals námu greiðslur til ríkissjóðs 716 m.kr. Útsvarsgreiðslur til sveitarfélaga námu 453 m.kr. og framlög starfsmanna til lífeyrissjóða námu 210 m.kr.


Gjaldfærðir og innheimtir skattar




Gjaldfærðir og innheimtir skattar



Gjaldfærðir skattar



Innheimtir skattar




Gjaldfærðir skattar og gjöld

Gjaldfærðir skattar og gjöld

Gjaldfærðir skattar og gjöld í rekstri eru einkum vegna eftirfarandi:


- Lögboðin gjöld vegna starfsmanna sem gjaldfærð eru hjá fyrirtækinu svo sem mótframlag í lífeyrissjóði og tryggingagjald.
- Skattur vegna nýtingar auðlinda, veiðigjöld.
- Tekjuskattur af hagnaði.
- Afla- og hafnargjöld vegna löndunar afla.
- Kolefnisgjöld sem innifalin eru í verði olíu til reksturs mjölversmiðu og skipa.
- Aðrir skattar sem eru einkum fasteignagjöld.

Gjaldfærðir skattar og gjöld



- Lögboðin gjöld vegna starfsmanna
- Skattur lagður á vegna nýtingu auðlinda
- Tekjuskattur
- Afla og hafnargjöld
- Kolefnagjald
- Aðrir skattar

Gjaldfærðir skattar og gjöld, eftir tegundum




Innheimtir skattar


Innheimtir skattar

Innheimtir skattar eru eingöngu skattar starfsmanna sem innifela útsvarsgreiðslur til sveitarfélaga að fjárhæð 453 m.kr. og tekjuskatt í ríkissjóð að fjárhæð 502 m.kr. Til viðbótar eru 210 m.kr. dregnar af starfsmönnum og staðið skil á til lífeyrissjóða.

Skattar starfsmanna



Innheimtir skattar, eftir tegundum skatta





kpmg.com/socialmedia



kpmg.com/app

© 2016 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og kennimark KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.